



Á vegum Jakobs
Sigrún Ásdís Gísladóttir
+354 8606644
sigrunasdis@camino.is



Gönguferð 17. – 27. júní 2023

Fyrstu 160 km á

El camino Portugués central

Frá Ponte de Lima til Santiago de Compostela

Verð og almennar upplýsingar



- Verð er kr 240.645 á mann miðað við tvo í herbergi
- Staðfestingargjald kr 60.000. Óendurkræft nema ferð falli niður
- Aukagjald fyrir einbýli er kr 75.000 (ath ekki alls staðar í boði)

Innifalið í verði er:

- Pílagrímavegabréf og skel á bakpokann
- Akstur til og frá flugvelli erlendis og akstur frá Santiago til Porto
- Leiðsögn
- Gistingar og morgunverður
- Trúss á einni tösku per mann ca. 10-13 kg
- Kvöldverður síðasta kvöldið

Nokkrir punktar

Töskur mega vera að hámarki 13 kg fyrir trússið

Á göngudögum þurfa töskur að vera komnar niður í andyri gististaðar kl 8 að morgni

Morgunmatur er á gististað ef hægt er, annars finnur fararstjóri annan stað

Lagt af stað helst ekki seinna en kl 8:30 á morgnana (að fyrsta og síðasta degi undanskyldum)

Gengið er í þögn fyrstu 2 klst hvers dags (ekki skylda en val hvers og eins)

Morgunteygjur gerðar við fyrstu hentugleika að morgni

Innlegg dagsins kynnt áður en lagt er af stað eftir teygjur



Brottför frá KEF 17/6 2023

Play air

Kef: 2:50 PM – Porto:7:55 PM





Brottfarardagurinn

17. júní

Komið er til Porto um kl 19:55 að staðartíma, ath. það er klst tímamunur á milli Spánar og Portúgals.

Bíll og fararstjóri verða á flugvellinum, ekið með hópinn á hótél í Ponte de Lima. Þetta er rúml. 40þús manna lítil miðaldaborg sem stendur við samnefnda á. Falleg rómversk brú og gamall miðbær einkenna borgina.



1. Göngudagur (19 km)
miðvikud. 18. júní
Ponte de Lima –San
Pedro

Áætlaður tími á göngu 6 klst

Dagurinn hefst með hækkun í ca 300m og náum við hæsta punkti göngunnar á þessari dagleið og heitir Portela Grande Alto og mjög fagurt útsýni þaðan til allra átta. Göngum framhjá mörgum kirkjum og vonandi tekst hópnum að fá góðan stimpil í vegabréfin.





2. Göngudagur (20 km) miðvikud. 19. júní San Pedro- Tui

Áætlaður tími á göngu 5:30 klst

Í dag er gengið til borgarinnar Valença yfir brúnna á Ríó Miño sem marka landamæri Portúgals og Spánar. Inn í fallegu borgina Tui sem er í Galiciu. Við heimsækjum Catedral de Tui falleg dómkirkja frá 12. öld. Þetta er talinn ein fallegasta dagleiðin á Camino Portugés. Fyrst einskonar fjallaskörð og svo meðfram ánni Miño til Valença með sitt einkennandi borgvirki.





3. Göngudagur (20 km)

sunnud. 20. júní

Tui-O Porriño

Áætlaður tími á göngu 6 klst

Gengið að Dómkirkjunni, í gegnum borgina og áfram. Stólparnir með kílómetrafjöldanum til Santiago koma í ljós. Leiðin liggur um Louro dalinn, mikið votlendi og fuglalíf. Fyrsta stopp er á kránni *Ponte das Febres* eftir ca 10km göngu, Þar er stoppað hvílt og borðað. Á göngu dagsins skiptast á moldarstígar og malbik.



4. Göngudagur (16,5
km)
mánud. 21. júní
O Porriño-Redondela

Áætlaður tími á göngu 4 klst

Þægileg ganga um sveitina, smábrennur upp og niður. Gengið í gegnum skógin Chan das Pipas. Gott stopp í Mos eftir 6km, þar eru verslanir og barir. Síðan verslun og þjón. eftir 10km göngu.

Í Redondela mætast portúgölsku gönguleiðirnar tvær, costal og central.





5. Göngudagur (22 km)

föstud. 22. júní

Redondela-Pontevedra

Áætlaður tími á göngu 5 klst

Mikið gengið í skógi, nokkrar smáar brekkur. Falleg leið allskonar stígar, allir góðir. Gengið um skóginn þegar boðið er upp á aukaleið.

Ekkert að hafa fyrr en eftir 6km. Síðan er frábært bakarí eftir 8km. Gaman að ganga um gamla bæinn í Pontevedra og skoða tapas barina.



6. Göngudagur (21,1km)
Föstud.23. júní
Pontevedra-Caldas

Áætlaður tími á göngu 4:30 klst

Mjög auðveld ganga, skógur og vínviður einkenna leiðina. Fyrsti áningastaður eftir 8km og síðan annar eftir 15km. Leiðin liggur um kastaníulundi þegar gengið er út úr borginni.

Göngum í skógum Lombo da Maceira.



A group of hikers is seen on a rocky, dirt trail winding through a dense forest. The hikers are wearing various outdoor gear, including backpacks and hats. Some are standing and looking towards the camera, while others are in motion. The trail is uneven and appears to be a popular hiking route. The surrounding vegetation is lush and green, with many trees and ferns visible.

7. Göngudagur (19 km) Laugard. 24.júní Caldas des Reis- Padrón

Áætlaður tími á göngu 5:30 klst

Smáhækkun upp á votlendið Valga. Þessi áfangi er varðaður krossum og kirkjum. Iglesia Santiago í Padrón er heimsótt en þar er steinninn staðsettur sem Jakob festi bát sinn við þegar hann kom til Spánar fyrst. Hans fyrsta predikun var í litlu kirkjunni í brekkunni í gamla miðbænum.





8. Göngudagur (25 km)

Sunnud. 25. júní

Padrón-Santiago

Áætlaður tími á göngu 6-7 klst

Þetta er lengsti göngudagurinn, alveg spurning um taxa fyrstu km. en nánar síðar.. Gengið um sveitir og smábæi, líka eikar-, furu og eucalyptuskóga.

Það er gott að koma snemma til Santiago vegna skráningar á hópnum. pílagrímamessan er í Dómkirkjunni kl 12 og svo aftur kl 19.





Mánud. 26. júní Frídagur í Santiago

Njótum þess að vera komin, á hóteli er gufa,
sund og snyrtistofa

Í boði er ferð á Heimsenda eða Finistierra fyrir
þá sem vilja, ef tekinn er leigub. tekur það ca 3
klst alls. Nánar síðar...

Tökum okkur tíma til að ganga um gamla
bæinn.

Jakob bíður í mat um kvöldið



A photograph of three women standing on a paved path in a park. The woman on the left is wearing a bright yellow coat and holding a purple umbrella. The woman in the middle is wearing a pink dress and holding a pink bag. The woman on the right is wearing a red jacket and blue jeans. They are all smiling and looking towards the camera. In the background, there are trees, a stone path, and a small building.

Þriðjudagurinn 27.júní Heimferðardagur

Tökum rútuna frá Santiago til Porto

En fyrst heimsækjum við Maríurnar tvær í
Alameda garðinum....

Play air

Porto Keflavík

8:55PM-11:55 PM

